

129. legrar leiðbeiningar, og svo að þjer kunngjörð það, að ráðgjafinn er samdóma yður í því, að svára beri spurningu þeirri, er áður er getið, á þann hátt, sem þjer hafid á vikið.

130.  
6. júlí.

### Reglugjörð.

Samkvæmt 8. grein í lögum um útflutningsgjald á fiski og lýsi o. fl. 4. nóvbr. 1881 skulu reglur þær, er hjer segir, settar um það, hversu sýslumenn og bæjarfógetar skuli árlegan reikning gjöra fyrir innheimtu útflutningsgjaldsins.

#### 1. gr.

Við lok hvers reikningsárs (31. desbr.) skal hver lögreglustjóri (sýslumaður eða bæjarfógeti) semja nákvæman reikning um gjald það, er hann hefir inn heimt í lögsagnarumdæminu, samkvæmt lögum um útflutningsgjald á fiski og lýsi o. fl. 4. nóv. 1881, og skal hann senda landshöfðingja reikning þenna með fyrstu póstferð, er þar á eptir fellur til Reykjavíkur.

Nú hefir eitthvert ár ekkert útflutningsgjald innheimzt í einhverju lögsagnarumdæmi, og skal lögreglustjóri þá skyldur að senda landshöfðingja með tjeðri póstferð neitunar-vottorð um þetta.

Skyldur er reikningshaldari þar að auki til að senda landshöfðingja með fyrstu póstferð hálfmisseris hvers reiknings-ágríp um útflutningsgjald það og sektarfe, er hann hefir inn heimt síðustu þrjá mánuðina samkv. l. 4. nóv. 1881, og skal reikningshaldari votta á reikningnum, að fleiri eða aðrar tekjur hafi eigi til fallið landssjóði á því tíma-bili, samkvæmt lögum 4. nóv. f. á.; en í reiknings-ágrípinu skal grein fyrir því gjör, hversu tekjur þessar sje í landssjóð greiddar. En í því efni skal það brýnt fyrir reikningshöldurum, að það er gildandi regla, að þeir eru skyldir til að senda tekjur þær, er þeim gjaldast í peningum, í jarðabókarsjóð með fyrstu póstferð, eptir að gjaldheimtuþjónninn hefir veitt þeim viðtöku o: um leið og skip það, er í hlut á, er afgreitt eptir 3. gr. laganna; og sje gjaldið greitt með ávísun upp á verzlunarhús í Kaupmannahöfn, sem gjaldheimtumaðurinn álitur áreiðanlegt, skal hann senda landshöfðingja hana í brjefi, sem með er mælt, með fyrstu póstferð eptir að hún er gefin út, en slík ávísun verður að vera svo stíluð, að hún verði borguð um leið og hún er sýnd, eða í síðasta lagi 8 dögum eptir það.

#### 2. gr.

Reikninginn yfir útflutningsgjaldið skal semja eptir þessari fyrirmynd:

#### Reikningur

yfir útflutningsgjald af fiski og lýsi o. fl. innheimt í lögsagnarumdæmi  
árið 18

Tekjur:

Útgjöld:

Upphæð útflutningsgjaldsins í hverjum ársfjórðungi.	Kr.		Hvernig og hvenær gjaldið er afgreitt.	Kr.	
	aur.	aur.		aur.	aur.
Samtals			Innheimtulaun 2% af	kr. a.	
			Samtals		

Það vottast hjer með, að frá 1. janúarmánaðar til 31. desembermánaðar 18 hafa landssjóði ekki tilfallið neinar aðrar eða meiri tekjur, hvorki af útfluttum fiski nje lýsi, nje öðrum gjaldskyldum fiskiföngum eptir lögum 4. nóvembermán. 1881 innan lögsagnarumdæmis

en tilgreindar eru í ofanrituðum reikningi.

dag

mán. 18

3. gr.

Reikningnum skal fylgja skilgrein, samin eptir þessari fyrirmynd:

## Skilgrein

fyrir útflytningsgjaldi af fiski og lýsi o. fl. innheimtu samkvæmt lögum 4. nóvbr. 1881 innan lögsagnarumdemis frá 1. janúarmáb. til 31. desembermán. 18

Skips- heiti.	Stærð skips- ins.	Nafn skip- stjóra.	Fylgi- skjöl.	Frá hverri höfn eða veidistöð skipið er afgreitt.	Næsta höfn (eða veiði- stöð), sem skipið fer til, hvort sem hún er innan- eða utanlands.	Saltfiskur eða hertur fiskur.	Fiskur hálfhert- ur, salt- aður eða nýr.	Sund- magi.	Hrogn. eða jath- gildi þess af sild.	Allskonar lýsi.	Lax.	Allur fisk- ur niður- sobinn, annar en lax.	Útflytning- gjald.
Ton	Nr.				pd.	pd.	pd.	tunn.	tunnur	tunnur	pd.	pund	Kr. aur.
Samtals													

dag mán. 18

Skilgreininni skulu fylgja þau skjöl, er hjer greinir:

1. Staðfest eptirrit eptir farmskrám þeim, eður öðrum belztu skjölum, sem skipinu fylgja.
2. Skýrsla, er skipstjórnarmaður lætur til upp á æru og samvizku, og sem greinir frá öllu því um farm skipsins, er nauðsynlegt er, til að geta reiknað útflytningsgjaldið;
3. og auk þessa, ef svo stendur á, að lögreglustjóra leikur grunur á, að skýrslan um gjaldskyldan farm sje röng, þá eptirrit af rannsókn þeirri, er hann gjörir samkvæmt 4. gr. laga 4. nóvbr. 1881 og af prófum þeim, er hann heldur út af því tilefni.
4. Því til sönnunar, að sektafje það, sem í reikningnum kynni að verða talið, sje rjett til fert, skal honum fylgja eptirrit eptir dómum þeim eða yfirvaldsúrskurðum er ákveða sektinnar.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík 6. dag júlímán. 1882.

**Hilmar Finson.****Jón Jónsson.**